

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: stelladu@simnet.is
Sent: mánudagur, 8. febrúar 2021 00:22
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Subject: Sveitarstjóri og sveitarstjórn. Erindi v/ hafnarinnar í Skarðsstöð

Categories: Vistað í OneCRM; 2102009
One: -1

Sæll og blessaður Kristján,
Erindi mitt varðar höfnina í Skarðsstöð.

Málið er þar sem ég er aðili af gömlu sveitarstjórninni, sem stóðum af því að koma hafnargerðinni á laggirnar, finnst mér ég þurfa að gera athugasemdir varðandi ástand hennar, þjónustu, eftirliti, og viðhaldi á henni, sem hefur í gegnum árin verið lítil sem engin, miðað við höfnina í Búðardal, sem er flóðlýst, þó engin starfssemi sé í kringum hana, eins og er í Skarðsstöð, sem er eina höfnin í sýslunni sem hægt er að taka á móti afla og öðrum verkefnum.

Í Skarðsstöð hefur ekki verið nein lýsing í mörg ár eða síðan 2017, engar öryggismyndavélar, hvorki við bryggjuna, né þar sem bátarnir eru geymdir uppi á landi (afleiðingar sendi ég á bréfi sem Kiddi sendi til Sveitarstjórnar dags 18 Maí 2017)

Ennþá eru engin ljós komin upp, eina sem var gert, var að taka niður ljósastaurinn með ónýtu perunni, og koma með nýjan staur fyrir 2. árum, sem ligur við hliðina á þeim gamla, og er byrjaður að sökkva í jörðina líka.

Ljósleysið getur verið hættulegt, þegar komið er í land og farið að dimma að hausti, það hefur gerst nokkrum sinnum að sjómennirnir urðu að nota vasaljós til að finna leiðina inn í höfnina, þó mikið væri búið að biðja um þessa einu peru og ekkert gert.

Ég fer nokkuð reglulega niður að höfn, til að gá hvort það sé ekki allt í lagi, fór í dag, og aðkoman var ljót. Landgangurinn hafði slitnað frá bátadekkinu hægra megin ofan frá séðvegna þess að kolriðgaður járnkrókurinn hafði slitnað, og landgangurinn við það að falla út fyrir, þrælskakkur, hangir aðeins á þeim vinstri. Það er stór flutningaprammi hægra megin, og ég gat bundið úr honum í landganginn, til að hann færi ekki lengra, en veðrið má ekkert versna til að þetta fari ekki allt niður, þar sem allar hinar festingarnar eru líka kolryðgaðar.

Viðhaldið á höfninni er ekkert, en samkvæmt yfirlýsingum við sameiningu hreppana, átti dreifbýli að fá sömu þjónustu frá sveitarfélaginu og þéttbýli, sem hefur ekki verið fylgt eftir (ekki sanngjarnt) Þó menn í Skarðsstöð nýti höfnina við veiðar allt sumarið fram á haust og til að draga að önnur hlunnindi, enda eina nothæfa höfnin í dölum.

Þá þarf líka að minnast á kranann, í upphafi átti að setja grindverk kringum hann, v/ slyshættu við löndun, og eins v/ ferðamanna, það er ekki komið enn.

Mig ég vil spyrja að lokum, er búið að löggilda höfnina?

Ég vona og trúi ekki öðru, en að þið reynið ykkar besta í þessu málefni, við megum ekki við því að missa hana, allt of dýrt spaug.

Með bestu kveðju,

Pórunn Hilmarsdóttir (Stella)
Skarði

